

**11. fundur Umhverfis- og byggingarnefnd haldinn Strandgötu 38,
fimmtudaginn 23. nóvember 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Sigurvin Hreiðarsson (SH), Aðalsteinn Magnússon (AM), Jónas Snæbjörnsson (JS) og Jóhann Birkir Helgason (JBH).

Fundargerð ritaði: Sigurvin Hreiðarsson, Formaður

Dagskrá:

Lilja Magnúsdóttir mætti til fundar

1. Losunarsvæði fyrir óvirkan úrgang - 2310085

Tekið fyrir tölvupóstur dags. 13.10.2023 frá Lilju Magnúsdóttur er varðar losunarsvæði fyrir óvirkan úrgang í tengslum við gerð deiliskipulags í Hrafnadal

Nefndin þakkar fyrir kynninguna.

Rætt um losunarstað fyrir óvirkan úrgang í sveitarfélaginu, málið verður unnið áfram.

Lilja Magnúsdóttir vikur af fundi

2. Afgreiðsluplan við Strandgötu 36 - 2308089

Tekið fyrir erindi frá Festi/N1 þar sem kynnt eru áform um framkvæmdir við afgreiðslu- og áfyllingarplan við Strandgötu 36 í samræmi við teikningar frá Verkhof ehf.

Umhverfis- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að ganga frá byggingarleyfi.

3. Eysteinseyri niðurrif - 2308060

Tekið fyrir erindi frá Freyju Magnúsdóttur dags. 18.08.2023 þar sem kynnt er að búið sé að rífa sjávarhúsið á Eysteinseyri.

Umhverfis- og byggingarnefnd samþykkir niðurrif á sjávarhúsinu á Eysteinseyri en bendir umsækjanda á að nefna þarf matshluta þeirrar fasteignar sem á að rífa.

Þá bendir nefndin einnig á að sækja þurfi um leyfi áður en mannvirki eru rifin.

4. Dunhagi, framlenging á þaki - 2308039

Tekið fyrir að nýju erindi frá Ginga teiknistofu vegna lengingar á þaki.

Erindinu var vísað til skipulagsnefndar.

Erindið var grenndarkynnt og tekið fyrir í Skipulagsnefnd þann 21. nóvember sl. Engar athugasemdir bárust.

Umhverfis- og byggingarnefnd samþykkir framlengingu á þakinu í samræmi við teikningar frá Gingi teiknistofu dags. 11.08.2023.

11. fundur
01.12.2023

5. Fóðursíló umsókn um byggingarleyfi - 2311098

Tekin fyrir umsókn frá Jóni Grétari Magnússyni f.h. Arnarlax þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja skúr fyrir fóðurskömmun og stöðuleyfi fyrir fóðursíló

Umhverfis- og byggingarnefnd samþykkir byggingarleyfi fyrir skúr fyrir fóðurskömmun. Ekki þarf stöðuleyfi fyrir fóðursílóum.

6. Fundargerð vegna sorpsamnings verkfundir - 2207047

Lögð fram til kynningar fundargerð nr. 8 vegna sorphirðu Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:15.

Sigurvin Hreiðarsson (SH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Jónas Snæbjörnsson (JS)

Jóhann Birkir Helgason (JBH)